

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. desember 1977.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 249 22. desember 1971 um niðurlögn og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Gjaldtaxtar.

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattsskyldar eru skv. 1. gr. skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0.15% (0.15 af hundraði) af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta- og mesta gjald á rúmmeter í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði:	Minnst 26.70 en mest 40.00 kr. m ³
Vörugeymslur:	Minnst 20.10 en mest 46.70 kr. m ³
Aðrar byggingar	Minnst 26.70 en mest 40.70 kr. m ³

Vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal aldrei vera lægri en kr. 3 640 af skattskyldri fasteign.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er skv. 2. gr., skal vera 20.60 á hvern rúmmeter vatns.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923.

Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 2 8. janúar 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 9. desember 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.